

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar
Flatahrauni 3
220 Hafnarfjörður
www.stendur.is, s. 527-0050

Hafnarfjarðarbær
Dagur: 26/1 2015
Íslenski: 150/11042
Brefnúmer: 383

Hafnarfirði 22.1.2015

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar
b/t Guðlaugar Kristjánsdóttur, formanns
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Erindi: atvinnuleysi, starfsendurhæfing


Í kjölfar þess að tími til atvinnubótaréttar var stytur um síðustu áramót missti hópur Hafniríinga rétt sinn til bóta. Hluti þess fólks mun hafa leitað til sveitarfélagsins og sótt um framfærslu, annar hluti á ekki rétt á bótum vegna tekna maka.

Vinnan er oftast mjög stór hluti af sjálfsmynd fólks og félagslegri stöðu. Þekkt er að eftir langan tíma í atvinnuleysi eykst stórlega hættan á því að fólk komist ekki aftur til starfa. Þegar það neyðist til að hætta að vinna og hefur ekki lengur dagleg samskipti við vinnufélaga og fólk sem það hefur verið í sambandi við vegna vinnu sinnar er hætt við því að sjálfsmyndin versni og fólkið einangrist félagslega. Því til viðbótar bætist oft iðjuleysi og að föstu „rútinuna“ og skipulagið vantar. Tekjumissir getur kollvarpað daglegu lífi og þá getur verið stutt í vitahring fátæktar og varanlegs heilsuleysis. Algengt er að fólk missi trú á eigin getu og vonleysi og uppgjöf taki við. Brýnt er að bregðast við og styðja fólk í þessari stöðu.

Eftir langvarandi atvinnuleysi er því líklegt er að fólk þurfi mikinn stuðning og utanumhald til þess að geta orðið virkt á vinnumarkaði á ný. Í mörgum tilfellum getur starfsendurhæfing komið að miklu gagni. Við hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar höfum góða reynslu af að vinna með fólki í þessari stöðu, erum fullviss um að geta orðið að liði, erum tilbúin til þess og bjóðum Hafnarfjarðarbæ upp á þjónustu okkar. Þeir sem eru með heilsubrest í þessum hópi ættu að eiga rétt á þjónustu hjá Virk starfsendurhæfingarsjóði, en það eiga þeir ekki ef ekki er skilgreindur heilsubrestur. Það fólk getur samt sem áður átt fullt erindi í starfsendurhæfingu.

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar lýsir sig reiðubúna til samstarfs vegna þessa hóps og annarra sem starfsendurhæfing kynni að gagnast.

Virðingarfyllt,


Anna Guðny Eiríksdóttir, framkvæmdastjóri

Afrit: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs